

Mál nr. 226/2017
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar F.

Maður slasast við að fylla loftkúta til notkunar við köfun 28.10.2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið 7.7.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-19
2. Bréf V dags. 20.8.2017 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Köfunarkútur sprakk þegar M var að fylla hann og M slasaðist. M segir ástæðu slyssins vera þá að F sé með í notkun bæði evrópskar og bandarískar gerðir af köfunarkútum sem hafi verið nýkomnir úr sandblæstri og lökkun og krani af amerískri gerð hafi verið settur á kút af evrópskri gerð, sem leiddi til þess að kúturinn sprakk. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu F hjá V. Í gögnum málsins liggur fyrir skýrsla á grundvelli rannsóknar Vinnueftirlits ríkisins (VER) kemur fram að mismunur hafi verið á gengjum ventla kútanna og F hafi ekki gert ráðstafanir til að tryggja að svokallaðir M25 lokar væru ekki settir óvart á kúta með G $\frac{3}{4}$ gengjum þrátt fyrir að þetta sé þekktur og alvarlegur áhættuþáttur.

M byggir á því að verklag hjá F við fyllingu á kútana hafi verið ótraust og á því beri F ábyrgð. Þá vísar M til rannsóknar VER þar sem fram komi að F hafi ekki gert nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að vitlausir lokar séu ekki óvart settir á kúta. M vísar til 13. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og telur að fyllsta öryggis starfsmanna hafi ekki verið gætt af hálfu F. M segir að verklag hafi verið í ólagi og á því beri F ábyrgð.

V hafnar bótaskyldu og segir að slyss M verði ekki rakið til saknæm vanbúnaðar á vinnustað. Slysið hafi orðið vegna þess að M hafi gert þau mistök að setja krana af amerískri gerð á evrópskan kút og því hafi kúturinn sprungið. V mótmælir fullyrðingu í skýrslu VER um að það sé þekktur áhættuþáttur að nota kúta af tveimur mismunandi tegundum. V segir að M hafi tekið upp á því hjá sjálfum sér að fylla á kútana án þess að honum hafi verið falið það sérstaklega. V bendir á, að slysið verði ekki rakið til bilana á tækjum, ófullnægjandi vinnuáðstöðu eða saknæmrar háttsemi eða mistaka F.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að M hafði unnið hjá F í um það bil mánuð þegar slysið varð. Kútarnir sem M var að fylla voru nýkomnir úr sandblæstri og lökkun og setja þurfti krana á þá eftir það. Byggja verður á þeirri niðurstöðu VER að rangur ventill/gengja hafi verið sett á kútin sem M var að fylla og það hafi ollið slysinu. Þá kemur einnig fram í skýrslu VER að F hafi ekki gert ráðstafanir til að koma í veg fyrir mistök af því tagi sem hér ræðir um, þó að um þekktan áhættuþátt sé að ræða. Ekki verður hjá því komist að byggja á niðurstöðu VER hvað varðar slysið, orsakir þess og aðbúnað á verkstað á meðan önnur gögn hafa ekki verið lögð fram. Af niðurstöðu VER verður ekki annað ráðið, en F hafi ekki gætt að atriðum sem varða öryggi starfsfólks með nauðsynlegum hætti og ber því sök á þeim skorti á fullnægjandi leiðbeiningum um vinnulag sem leiddu til slyss M. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu F hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu F hjá V.

Reykjavík 5.9. 2017

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.